



Nefndasvið Alþingis
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 28. mars 2023

Efni: Tillaga til þingsályktunar um skráningu menningarminja, 218. mál

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) taka til umsagnar ofangreinda þingsályktunartillögu um að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að gera stóratök í skráningu menningarminja, annarsvegar minja sem eru í hættu vegna loftslagsbreytinga eða annarrar náttúruvár, svo sem vegna landbrots, og hins vegar menningarminja almennt. SI leggjast ekki gegn þessari tillögu en vilja þó koma eftirfarandi athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Í greinargerð með þingsályktunartillögunni er vísað til þess að efla þurfi og auka skráningu á fornleifum og menningarminjum og efla alla minjavernd. Er vísað aðallega til þriggja ástæðna fyrir slíkri skráningu. Í fyrsta lagi vegna þess að mikill fjöldi minja um allt land er í stórhættu vegna sjávarrofs. Í öðru lagi vegna þess að það þurfi almennt að efla skráningu menningarminja til að efla þekkingu þjóðarinnar á dýrmætri menningararfleið og tækifæri felist í því að geta gert svæði með menningarminjum að eftirsóknarverðum áfangastöðum. Í þriðja lagi til að koma í veg fyrir að framkvæmdaaðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar. Í samhengi við síðastnefndu ástæðuna er vert að benda á að betri skráning á menningarminjum er til þess fallin að auka skilvirkni í mannvirkjagerð og auka upplýsingagjöf til uppbyggingaraðila, sveitarfélaga og annarra hagaðila um staðsetningu menningarminja.

Ljóst er að ástandið í dag er að mörgu leyti erfitt fyrir fyrirtæki í mannvirkjagerð enda dæmi um að framkvæmdaraðilar lendi í töfum, með tilheyrandi kostnaði, á verkum vegna þess að *talið* er að menningarminjar gætu verið grafnir á viðkomandi framkvæmdarsvæði. Óvissan um staðsetningu menningarminja getur því leitt til tafa á verkframkvæmdum, dregið úr skilvirkni og aukið kostnað framkvæmdaraðila. Þá er sú íþyngjandi kvöð lögð á framkvæmdaraðila að greiða allan kostnað við könnun á hvort einhverjir minjar séu til staðar á uppbyggingarsvæðum og færi betur á því að slík skráning væri kostuð og framkvæmd, eftir atvikum með útvistun til þriðja aðila, af ríkinu. Í þessu samhengi þarf jafnframt að huga að skýrum leiðbeiningum um hvaða teljist til menningarminja. Ef/þegar búið verður að skrá hugsanlegar minjar er það mat SI að opinberir aðilar eigi að ganga úr skugga um mikilvægi þessarar hugsanlegu minja á sinn kostnað áður en gefið verði út framkvæmdaleyfi, þegar það á við. Það er algjörlega óásættanlegt að slíkur kostnaður verði settur á framkvæmdaraðila.

Samtökin telja efni þingsályktunartillögunnar heilt yfir jákvætt en ítreka mikilvægi þess að vanda til verka og horfa til ofangreindra atriða í framhaldinu.

Virðingarfyllst,

Björg Ásta Þórðardóttir,
sviðsstjóri mannvirkjasviðs